

Sp.

461. Tillaga

til þingsályktunar um að landsstjórnin taki að sjer heildsölu á almennum þurftarvörum.

Flutningsmenn: Magnús Torfason, Guðjón Guðlaugsson, Sigurður Stefánsson, Jörundur Brynjólfsson, Pjetur Jónsson, Guðm. Ólafsson, Sigurður Sigurðsson, Sveinn Ólafsson, Hjörtur Snorrason, Sigurjón Friðjónsson, Einar Árnason og Stefán Stefánsson.

Alþingi skorar á landsstjórnina að taka í sínar hendur heildsölu á almennum þurftarvörum, eins fljótt og við verður komið.

Greinargerð.

Það er nú þegar orðið ljóst, að svo þröngt er um skipakost, að takmarka verður að mun aðflutninga á öllum vörum, öðrum en brýnustu lífsnauðsynjum. Við það skapast misrjetti milli kaupmanna og svo miklir örðugleikar á skiftingu slíkra vara og dreifing þeirra um landið, að til fullra vandræða getur leitt. Þvi er brýn og bráð nauðsyn á, að stjórnin taki einnig að sjer innkaup á almennum þurftarvörum, t. d. klæðnaði, skófatnaði, ljósfærum, hitunartækjum, tóbaki o. fl., o. fl.